

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni sem fá besta kosningu í Hverfið mitt - MSS23080034

Fyrirspurn um ferli framkvæmda verkefna sem fá flest atkvæði í Hverfið mitt 2020-2021 íbúakosningu. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig ferli ákvarðana er þegar velja á hvaða verkefni skuli framkvæmd sem fá flest atkvæði úr íbúakosningu Hverfið mitt. Þau verkefni sem fengu flest atkvæði í Breiðholti 2021 var Jólaljós í tré milli Efra og Neðra Breiðholts 1451 atkvæði; í öðru sæti nýjar ruslatunnur í hverfið sem fékk 1400 atkvæði. Í þriðja sæti bætt lýsing í hverfið og í 4 sæti jólaljós við Seltjörn. Í 5. 6. og 7 sæti var Ærslabelgur í Seljahverfi og að gróðursetja fleiri tré í Breiðholti og trampólíngarður. Í 8 sæti með rúm 800 atkvæði var að reisa þrekstiga úr Neðra Breiðholti í Efra Breiðholt sem búið er að framkvæma. Stigaverkefnið er umdeilt og var ekki grenndarkynnt. Hinn umdeildi stigi var sem sagt ekki vinsælastur heldur í 8. sæti. Önnur 7 atriði voru vinsælli. Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig upplýsingar hvort búið sé að framkvæma þau verkefni sem voru framar þ.e. frá 1-8?